

BRÁÐABIRGÐALÖG

82

26. sept.

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að óhjákvæmileg nauðsyn sé, vegna mjög erfiðra afkomuskilyrða sérleyfishafa á flestum sérleyfisleiðum, að sérleyfisgjöld samkvæmt lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, verði lækkuð úr 7% í 3% af fargjöldum í farþegaflutningum með sérleyfisbifreiðum, og gildi lækkunin frá síðustu áramótum.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —“ komi: 3% — þrjár af hundraði —.

2. gr.

Sérleyfisgjaldið skal frá 1. janúar 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 1. gr. bráðabirgðalaga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. september 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

83

10. sept.

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942 fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu ráðuneytisins fallizt á eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 47/1942 fyrir Háskóla Íslands:

32. gr. 5. liður orðist svo:

Íslenska, danska, sænska, norska, enska, þýzka, franska, latína, gríska, Íslands-saga, mannkynssaga, mannkynssaga og Íslandssaga, landafræði og jarðfræði, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði (líffræði, jurtafræði, dýrafræði og mannfræði), uppeldisfræði (sálar-, uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar). Kennslan miðar að því að veita stúdentum haldgóða þekkingu í þessum fræðigreinum í því skyni, að þeir geti lokið B-A-prófi samkvæmt 52. gr.

50. gr. 2. málsgrein orðist svo:

Próf þetta þurfa þó ekki að taka stúdentar verkfræðideildar né þeir stúdentar

83 heimspekideildar, er lokið hafa 2 prófstigum í uppeldisfræðum, áður en þeir ganga 10. sept. undir fullnaðarpróf.

Aftan við 51. gr. bætist:

Þeir, sem lokið hafa kennara- eða meistaraþrófi öðlast kennararéttindi við gagnfræða- og menntaskóla með því að taka annað tveggja eitt prófstig í uppeldisfræðum, að undangengnu prófi í forspjallsvísindum, eða 2 prófstig í uppeldisfræðum (sbr. 50. gr.). Fræðslumálastjóri getur, ásamt kennurunum í uppeldisfræðum og heimspeki við háskólann, veitt undanþágu frá prófi þessu eða hluta þess, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

52. grein hljóði svo:

B-A-próf.

Prófgreinar eru þessar:

1. Íslenska.
2. Danska.
3. Sænska.
4. Norska.
5. Enska.
6. Þýzka.
7. Franska.
8. Latína.
9. Gríska.
10. Íslandssaga.
11. Mannkynssaga.
12. Mannkynssaga og Íslandssaga.
13. Landafræði og jarðfræði.
14. Stærðfræði.
15. Eðlisfræði.
16. Efnafraði.
17. Náttúrufræði (líffræði, jurtafræði, dýrafræði og mannfræði).
18. Uppeldisfræði (sálar-, uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar).

Stúdent hlýtur B-A-próf fyrir minnst 6 eða 7 prófstig, en í einni og sömu námsgrein verða mest tekin 3 stig. Hvert stig er miðað við ákveðnar þekkingarkröfur: 1. stig táknar minnstar kröfur, 2. stig meiri kröfur, 3. stig mestar kröfur. Ætlazt er til, að námstími til hvers prófstigs sé að jafnaði eitt kennslumisseri, og ber að miða kennsluna í hverri grein við það. Stúdent getur annað tveggja sameinað þrjár eða fjórar námsgreinar. Ef prófgreinar eru þrjár, skal taka 6 eða 7 stig samtals: próf í forspjallsvísindum, sem reiknast 1 stig, 2 stig í annarri grein og 3 stig í hinni þriðju (B-A-próf án kennararéttinda), eða í stað forspjallsvísinda 2 stig í uppeldisfræðum og svo 2 stig í annarri grein og 3 stig í hinni þriðju (B-A-próf með kennararéttindum). Ef prófgreinar eru fjórar, skal taka 7 eða 8 stig samtals: 2 stig í þremur greinum, auk forspjallsvísinda (B-A-próf án kennararéttinda), eða í stað forspjallsvísinda 2 stig í uppeldisfræðum og svo 2 stig í þremur greinum öðrum (B-A-próf með kennararéttindum). Ekki má taka minna en 2 stig í nokkurri námsgrein nema forspjallsvísindum, og í íslenzku og í sameinaðri mannkynssögu og Íslendingasögu verða ekki tekin færri en 3 stig. Stúdentspróf stærðfræðideildar í efnafraði, eðlisfræði og stærðfræði reiknast sem 1 stig í þessum greinum að því tilskildu, að stúdentinn hafi hlotið I. einkunn í viðkomandi grein.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg, í landafræði, náttúrufræðigreinum og uppeldisfræðum einnig verkleg. Námið skal öðru fremur miða við það, að menn

verði að prófi loknu hæfir kennarar við skóla gagnfræðastigsins og aðra þá framhaldsskóla, þar sem viðkomandi greinar eru kenndar. 83

10. sept.

Þeir nemendur, sem í prófi sínu hafa lokið 2 stigum í uppeldisfræðum, hafa þar með fullnægt ákvæðum 13. greinar laga nr. 16/1947, um menntun kennara, að því er tekur til skóla gagnfræðastigsins.

Hér með er úr gildi felld auglýsing nr. 91 frá 28. des. 1950.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. september 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF

84

um að reglulegt Alþingi 1951 skuli koma saman til fundar
mánudaginn 1. október 1951.

17. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1951 skuli koma saman til fundar mánudaginn 1. október 1951.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13,30.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

85

um breyting á forsetaúrskurði frá 14. marz 1950, um skipun og
skipting starfa ráðherra o fl.

9. okt.

Forseti Íslands hefur í dag fallizt á tillögu forsætisráðherra um eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði frá 14. marz 1950, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

Við III. lið:

Orðin „utanríkisverzlun með sjávarafurðir“ falli burt, en í staðinn komi: útflutningsverzlun. Aftan við liðinn bætist: Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaleyfi.

Við V. lið:

Aftan við liðinn bætist: Mælitækja- og vogaráhaldamál. Veðurstofan.